

Ár 2014, föstudaginn 2. maí, kl. 16.00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Harðar Felix Harðarsonar, hrl., Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, af Lúðvíki Steinarssyni, hrl., Guðmundi Þórðarsyni, hdl., og Herði Felix Harðarsyni, hrl.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2014

Augnablik

Gegn

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

## **Dómur**

### **I**

Mál þetta dæma Lúðvík Steinarsson, Guðmundur Þórðarson og Hörður Felix Harðarson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp 23. apríl 2014 þar sem Hrafnkell Freyr Ágústsson, leikmaður meistaraflokks Augnabliks, var úrskurðaður í 6 vikna leikbann.

Tilkynning um áfrýjun barst skrifstofu KSÍ 30. apríl 2014 og gerir áfrýjandi þær kröfur að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt á þá leið að viðurlög verði ákveðin eins og um brottvísun væri að ræða á grundvelli ákvæðis 13.1.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Samkvæmt grein 8.2. í reglugerð um áfrýjunardómstól KSÍ skulu ný gögn ekki lögð fyrir dóminn. Þá er kveðið á um að vitna- og aðilaskýrslur skuli ekki fara fram. Þó er mælt fyrir um heimild dómsins til að víkja frá þessum reglum þegar sérstaklega stendur á. Eins og mál þetta er vaxið telur dómurinn ekki efni til að víkja frá tilgreindum meginreglum.

### **II**

Helstu málavextir eru þeir að 16. apríl 2014 fór fram leikur Vatnalilja og Augnabliks í Lengjubíkar karla, C-deild R4. Samkvæmt skýrslu dómara leiksins kom Hrafnkell Freyr Ágústsson inn á leikvöllinn án leyfis eftir að honum hafði áður verið skipt út af. Ástæðan mun hafa verið sú að hann hafi ætlað að hlúa að leikmanni sem mögulega hafi verið meiddur. Dómarinn hafi hins vegar ekki gefið honum leyfi til að huga að leikmanninum og gaf honum áminningu fyrir vikið. Hrafnkell hafi þá brugðist við með því að slá í hönd dómarans með þeim afleiðingum að hann missti spjaldið. Þessi háttsemi Hrafnkels hafi leitt til brottvísunar.

Skýrsla dómarsins var tekin fyrir á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 23. apríl 2014 og var Hrafnkell úrskurðaður í 6 vikna leikbann.

### III

Áfrýjandi byggir kröfur sínar einkum á því að orðalag í skýrslu dómara leiksins sé villandi og gefi ekki rétta mynd af atvikinu. Lúta athugasemdirnar að því að rangt sé að Hrafnkell hafi slegið í hönd dómarsins heldur hafi hann slegið í gula spjaldið. Þá er vísað til þess að Hrafnkell hafi að leik loknum beðið dómarsinn afsökunar á hegðun sinni.

Að mati áfrýjanda eru viðurlög þau sem aga- og úrskurðarnefnd ákvað í umræddu tilviki ekki í samræmi við brotið. Þá gagnrýnir áfrýjandi að aga- og úrskurðarnefndin hafi ekki leitað eftir afstöðu áfrýjanda eða dómara leiksins áður en úrskurður var kveðinn upp. Telur áfrýjandi að tilefni hafi verið til að nýta heimild í ákvæði 5.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál til endurskoðunar fyrri úrskurðar, enda hafi hann verið kveðinn upp á grundvelli villandi orðalags í skýrslu dómara. Áfrýjandi tilgreinir tvö vitni að atvikinu en auk þess er vísað til þess að dómari leiksins hafi viðurkennt að orðalag í skýrslu hans sé villandi.

Samkvæmt grein 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða um atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara. Það hefur nefndin gert í þessu tilviki og er ekki fallist á að sérstök rannsóknar- eða gagnaöflunarskylda hvíli á nefndinni. Þá hefur dómari leiksins ekki breytt skýrslu sinni um framangreint.

### IV

Að framansögðu virtu og með vísan til þeirra meginreglna sem áður er getið um sönnunarfærslu fyrir dómstólnum er fallist á það með aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að háttsemi Hrafnkels í umræddum leik hafi verið með þeim hætti að rétt sé að hann sæti tímabundnu leikbanni. Að mati dómsins verður að meta hvers kyns óvirðingu eða atlögu að dómara sem alvarlegt brot í skilningi ákvæðis 13.1.5 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Samkvæmt öllu framansögðu er hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Lúðvík Steinarsson

Guðmundur Þórðarson

Hörður Felix Harðarson